

Umboðsmaður barna  
Salvör Nordal

Reykjavík 07.01.2022

### Efni: Framkvæmd PCR sýnatöku á börnum

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar ábendingar Umboðsmanns barna frá 30.12.2021 er varða framkvæmd PCR – sýnatöku á börnum.

Ábendingarnar snéru að eftirfarandi atriðum:


- Börn þurfa oft að bíða mjög löngum stundum í biðröð eftir sýnatöku, jafnvel mjög ung börn.
- Umhverfið á Suðurlandsbraut er ekki barnvænt og tekur ekki mið af þörfum barna.
- Starfmenn sem taka sýni af börnum eru ekki heilbrigðisstarfsmenn og hafa ekki fengið þjálfun í að eiga í samskiptum við börn.

Við tökum heilshugar undir þau sjónarmið að mikilvægt er að standa vel að sýnatökum hjá börnum. Við leggjum mikla áherslu á að sveigjanleikinn og uppbyggingin sé þannig í skipulaginu að ekki þurfi að myndast langar raðir. Við höfum fjölgað starfsfólki töluvert síðustu vikur til að ná þessu markmiði. Ef raðir myndast munum við reyna að kappkosta við að taka börn framfyrir.

Umhverfið er réttilega ekki sérhannað fyrir börn, en við reynum að bæta það upp með vinalegu og þægilegu viðmóti. Í gegnum þetta ferli höfum við oft sett upp sérstaka móttöku fyrir börn. Þar sem er rólegra umhverfi og hægt að gefa hverju barni betri tíma. Slíkt skipulag hefur þó riðlast hjá okkur þegar holskeflur krafna um fleiri þúsundir daglegra sýna hafa dunið yfir. Við munum þó ávallt reyna að endurskipuleggja okkur með velferð barna að leiðarljósi.

Starfsmenn eru sérstaklega þjálfaðir í að taka sýni af fagaðilum, brýnt er fyrir nýjum starfsmönnum að taka ekki sýni úr börnum fyrr en mikil færni hefur náðst við að taka sýni úr fullorðnum og síðan fá þau þjálfun í að taka sýni úr börnum. Þegar foreldrar hafa óskað eftir því að hjúkrunarfræðingur taki sýni úr barni þá er orðið við þeirri ósk.

Virðingafyllst



Óskra Reykdalsson  
Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins